# SANDKOLI – *DAB*

## *Limanda limanda*

## RÁÐGJÖF – *ADVICE*

Hafrannsóknastofnun leggur til að sandkolaafli fiskveiðiárið 2018/2019 fari ekki yfir 500 tonn. Einnig leggur stofnunin til að sérstaka aflamarkssvæðið frá Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi verði lagt niður og að öll sandkolamið verði undir aflamarki.

*MFRI recommends a TAC no higher than 500 tonnes for the 2018/2019 fishing year. The MFRI also recommends that the defined quota area from Snæfellsnes to Stokksnes will be abolished, and all dab fishing grounds be under TAC limits.*

## STOFNÞRÓUN – *STOCK DEVELOPMENT*

Lífmassavísitala sandkola í SMB hefur verið lág frá árinu 2004, samanborið við tímabilið 1985-2003.

*IS-SMB biomass index has remained low since 2004, as compared to the years 1985–2003.*




**Sandkoli.** Afli og lífmassavísitala (≥25 cm) úr SMB .
***Dab.*** *Catches and IS-SMB biomass (≥25 cm) index.*

## HORFUR – *PROSPECTS*

Gögn um aldursdreifingu sandkolaafla eru til fyrir tímabilið 1993–2017. Veiðin árið 2017 byggðist að mestu á 4–7 ára fiski eða árgöngunum frá 2010–2013. Mat á veiðistofni í upphafi árs 2018 er háð mikilli óvissu þar sem mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um stærð árganganna frá 2013 og 2014 sem eru að bætast í veiðistofninn.

*Data on age-structure of catches is available from 1993–2017. Catches in 2017 consisted mostly of 4–7 year-old fish. Considerable uncertainty exists about the 2018 stock status as the level of incoming recruitment (cohorts 2013 and 2014) is unknown.*

## GÆÐI STOFNMATS – *QUALITY OF THE ASSESSMENT*

Stofnmælingar botnfiska eru ekki taldar veita nægilega góðar upplýsingar um nýliðun sandkola, þar sem ungfiskur heldur sig að hluta grynnra en stöðvanetið nær til.

*Survey recruitment indices are considered inadequate to provide information on recruitment, because the survey does not cover the main nursery areas in shallow water.*

## VEIÐAR – *THE FISHERY*

Landaður afli sandkola náði nær 8000 tonnum árin 1996–1997. Frá árinu 2007 hefur aflinn verið undir 1000 tonnum og farið minnkandi. Sandkolaveiðar hafa fyrst og fremst verið stundaðar í Breiðafirði, Faxaflóa, við Reykjanes og með suðurströndinni að Stokksnesi. Um 95% aflans veiðist að jafnaði í dragnót.

*Landings of dab peaked at 8000 tonnes in 1996–1997. Catches have been relatively low since 2007, or under 1000 tonnes annually. Dab is mostly fished along the south and west coasts. Around 95% of the catch is caught in demersal seine.*




**Sandkoli.** Veiðisvæði árið 2017 (t/sjm$^2$)
***Dab.*** *Fishing grounds in 2017 (t/nmi$^2$)*

| Afli 2017 (tonn)<br>*Catches 2017 (tonnes)* | Dragnót<br>*Demersal seine* | Net<br>*Gillnet* | Annað<br>*Other* |
|---|---|---|---|
| 231 | 98% | 2% | 0% |

## RÁÐGJÖF, AFLAMARK OG AFLI – *ADVICE, TAC AND CATCH*

**Sandkoli.** Tillögur um hámarksafla, ákvörðun stjórnvalda um aflamark, afli á aflamarkssvæðinu frá Stokksnesi suður um að Snæfellsnesi og heildarafli (tonn).

***Dab.*** *Recommended TAC, national TAC, catch in the quota area, and total catches (tonnes).*

| Fiskveiðiár<br>*Fishing year* | Tillaga<br>*Rec. TAC* | Aflamark<br>*National TAC* | Afli aflamarkssvæði<br>*Catch quota area* | Afli alls<br>*Total catch* |
|---|---|---|---|---|
| 2010/11 | 500[1)] | 900 | 596 | 814 |
| 2011/12 | 500[1)] | 900 | 711 | 890 |
| 2012/13 | 500[1)] | 800 | 587 | 781 |
| 2013/14 | 500[1)] | 500 | 403 | 594 |
| 2014/15 | 1000 | 1000 | 334 | 546 |
| 2015/16 | 500 | 500 | 334 | 443 |
| 2016/17 | 500 | 500 | 181 | 206 |
| 2017/18 | 500 | 500 | | |
| 2018/19 | 500 | | | |

[1)] Engar beinar veiðar. Aflamark sem nemi áætluðum aukaafla við aðrar veiðar.
*[1)] No directed fishery. TAC set no higher than would result from dab bycatch in other fisheries.*

## HEIMILDIR OG ÍTAREFNI – *REFERENCES AND FURTHER READING*

MFRI Assessment Reports 2018. Dab. Marine and Freshwater Research Institute, 13 June 2018.